

6. gr.

Tölvan velur nú vinningsnúmer og vinningsupphæðir og stýrir ofangreind 48 stafa tala valinu. Tölvan skrifar út vinningalista, sem raðaður er í númeraröð. Vinningalistinn er staðfestur með undirskrift eftirlitsnefndarinnar.

7. gr.

Bili tölvan, eða stöðvist útdráttur hennar, tekur notarius publicus forritið, titilspjöldin og stýrisspjaldið í sína vörzlu, þar til viðgerð er lokið. Útdráttur er þá endurtekinn og hefst með því, að tölvan er látin lesa hin geymdu gögn sbr. 5. gr.

8. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 26 frá 13. marz 1973 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. júní 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 5.2% frá 1. júlí 1973 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971, svo og greiðslna samkvæmt 73. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. grein laga nr. 67/1971.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. júní 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 95 14. ágúst 1962, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef gjöld samkvæmt gjaldheimtuseðli eru ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir

hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður, talið frá og með gjalddaga, unz gjöldin eru að fullu greidd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. júní 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1973.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðlandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, getur ráðherra, samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. október eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið.

Þó segir í 1. gr. laga nr. 50 16. apríl 1971, að sé leyfi veitt til dragnótaveiða fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum, skuli leyfisveiting, þrátt fyrir ákvæði áðurgreindra laga, við það miðuð, að veiðin sé heimil á tímabilinu 15. júlí til 30. nóvember eða skemmri tíma. Þá segir enn fremur í 1. gr. laga nr. 50/1971, að bönnuð sé öll veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu í Faxaflóa frá punkti 6 sjómílur í vestur frá Garðskaga og þaðan heint í Malarrif.

Fiskifélag Íslands hefur leitað álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu efni.

Í samræmi við ákvæði téðra laga og athuganir Fiskifélags Íslands hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að leyfi til dragnótaveiða skuli veitt frá og með 15. þessa mánaðar á eftirgreindum svæðum:

I Milli línu réttvísandi austur úr Álftavíkurfjalli (Álftavíkurtanga) að línu réttvísandi austur úr Gvendarnesi, sunnan Fáskrúðsfjarðar. Þó skulu veiðar óheimilar í Seyðisfirði og Loðmundarfirði innan línu úr Álftavíkurtanga í Dalatanga og þaðan fyrir mynni Mjóafjarðar í Flesjatanga og fyrir mynni Norðfjarðarflóa í Barðsneshorn. Þá eru dragnótaveiðar óheimilar á Sandvík og á Vaðlavík innan línu frá Barðsneshorni í Gerpi og þaðan í Krossanestanga. Einnig eru dragnótaveiðar óheimilar í Reyðarfirði innan línu úr Krossanestanga norðan fjarðarins í Vattarnestanga sunnan fjarðarins. Þá eru dragnótaveiðar og óheimilar í Fáskrúðsfirði innan línu úr Hafnarnesi að norðan í Hafnarnesvita að sunnan.

II. Frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi á Snæfellsnesi að línu réttvísandi norður úr Hornbjargi.

Á Vestfjörðum er dragnótaveiði óheimil innfjarða innan lína, sem hér segir:

1. Úr Ólafsvita um Tálkna, þvert fyrir Patreksfjörð og Tálknafjörð.
2. Milli Svarthamra að sunnan og Tjaldaness að norðan í Arnarfirði.
3. Milli Svalvogarvita að sunnan og Fjallskagavita að norðan í Dýrafirði.
4. Milli Mosdals að sunnan og Arnarness að norðan í Önundarfirði.
5. Milli Keravíkur að sunnan og Galtarbæjar að norðan í Súgandafirði.
6. Milli Galtarvita að sunnan og Rits að norðan.